

Sp.

366. Tillaga til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Sameinað Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum Alþingis veiði frestað frá fyrri hluta aprilmánaðar þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 10. október 1935.

G r e i n a r g e r ð.

Eins og kunnugt er var Alþingi 1934 ekki haldið á venjulegum tíma, því að aukabíngið 1933 kom óreglu á þinghaldið. Var þinginu 1934 eigi lokið fyrr en síðara hluta desembermánaðar. Hinsvegar varð þing þessa árs. samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar, að koma saman um miðjan febrúarmánuð. Þannig voru ekki nema tæpir tveir mánuðir milli þinganna. Liggur það í augum uppi, öllum er til þekkja, að mjög erfitt er að halda tvö regluleg þing með svo stuttu milli-

bili. Mál þau, sem hvert þing á að taka til meðferðar, þurfa, ef vel á að vera, all-
ýtarlegan undirbúning milli þinga, og þingmönnum og öðrum þarf að hafa unn-
izt tími til að athuga þau sem bezt. Þá er það og mjög æskilegt, að löggjöf næsta
þings á undan sé sem mest komin til framkvæmda og reynslu áður en nýtt
þing tekur sínar ákvarðanir. Báðar þessar ástæður eru fyrir hendi nú í ríkum
mæli. Síðasta þing samþykkti óvenju umfangsmikla og merkilega löggjöf á
mörgum sviðum, og er enn, svo sem von er, lítil reynsla um hana fengin. Og
þess þings, sem nú situr, biðu líka mjög viðtæk verkefni, sem fyllilega þarfnast
gaumgæfilegrar athugunar. Má þar t. d. nefna hina fyrirhuguðu, nýju landbún-
aðarlöggjöf um samvinnubyggðir og nýbýli, nýja framfærslulöggjöf, lög um
almennar tryggingar, launalögin o. fl. Eru öll þessi verkefni þannig vaxin, að
æskilegt er, að bæði þing og þjóð hafi sem rýmstan tíma til athugunar.

Þó ekki hefðu verið aðrar ástæður fyrir hendi en þær, sem nú eru nefndar,
væru þær út af fyrir sig talsverð almenn rök fyrir þingfrestun.

Tillagan um að fresta þinginu er þó fram borin fyrst og fremst vegna af-
greiðslu fjárlaganna fyrir árið 1936.

Afkoma ríkissjóðs á hverjum tíma er, eins og gefur að skilja, mjög mikið
komin undir utanríkisverzluninni. Verulegs hluta af ríkistekjunum hefir allt að
þessu verið aflað með tollum af innfluttum vörum (auk þess sem ríkið einnig
hefir nokkrar tekjur af útfluttum vörum). Ennfremur hlýtur gjaldgeta atvinnu-
veganna mjög að byggjast á því, hversu framleiðslan selst erlendis. Þegar fjár-
lög eru samín, er þess vegna alveg nauðsynlegt að gera sér sem nákvæmasta
grein fyrir því, hvernig útflutningur og innflutningur muni verða á því ári, sem
fjárlögin eiga að gilda fyrir. Sé þetta ekki gert, er fjárlagaáætlunin markleysa
að því er tekjuhliðinni viðkemur, en við tekjuöflunarmöguleikana verður hins-
vegar að miða allar þær útgjaldaákvæðanir, sem ekki eru öðruvísi lögboðnar.
En það eru m. a. útgjöldin til verklegra framkvæmda.

Þegar núverandi stjórn tók við völdum, ákvað hún þegar, í samráði við stuðn-
ingsmenn sína, að taka upp ákveðna baráttu fyrir því, að koma viðskiptum þjóðar-
innar út á við í sæmlegt horf. Þess vegna lagði hún fram, og fékk samþykkt
á síðasta þingi, ný lög um innflutning og gjaldeyrisverzlun, í því skyni að koma
í veg fyrir, að þjóðin héldi áfram að kaupa inn meira en framleiðslan getur
borgað. En til þess að koma á aftur viðunandi greiðslujöfnuði við útlönd, þarf
að gera sér grein fyrir söluverði útfluttrar framleiðslu og takmarka síðan inn-
flutninginn eftir því.

En þegar þessi nýja stefna var upp tekin, að takmarka innflutninginn við
greiðslugetu, varð að taka tillit til þeirra afleiðinga, sem þær ráðstafanir hlutu
að hafa á tekjuöflun ríkissjóðs. Þetta gerði líka ríkisstjórnin þegar hún undir-
bjó fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1935. Fjárlagafrumvarpið var miðað við það,
að ástandið á þessu ári, að því er útflutning snerti, yrði svipað eða þó heldur
lakara en 1934. Hinsvegar var gert ráð fyrir, að innflutningurinn yrði miklu
minni en 1934, en sá innflutningur hefir verið um 48½ millj. kr. samkvæmt
bráðabirgðaskýrslum. Eru fjárlög þessa árs við það miðuð, að innflutningurinn
verði svipaður og 1932, en það ár var hann um 37,3 millj. kr. Er þó sennilegt,
að hann megi ekki verða svo mikill, eftir því sem nú er komið á daginn um út-

flutninginn. En jafnframt því, sem áætlunin um tekjur af ininflutningi var færð niður sem þessu svaraði, þurfti að sjá fyrir nýjum tekjuöflunarleiðum, til þess að ekki þyrfti að skera niður framlög til landbúnaðarins og verklegra framkvæmda. Þetta var gert á síðasta þingi, með því að auka skatt á hátekjur og stóreignir, hækka einstaka lúxustolla og taka einkasölu á sumum arðvænlegum vörutegundum. Niðurstaðan varð svo sú, að fjárlögin 1935 voru afgreidd með um 14 millj. kr. útgjöldum, og framlög til landbúnaðarins og verklegra framkvæmda talsvert aukin. Mátti telja þetta mjög vel viðunandi útkomu, þegar þess er gætt, að útgjöldin síðastl. ár hafa reynzt um 17 milljónir. Árið 1932 reyndust útgjöldin, talin á sama hátt, um 13,9 millj., árið 1933 um 15 millj. og árið 1931 um 18,2 millj.

Fjárlögin fyrir árið 1935 voru þannig afgreidd í fullu samræmi við þá stefnu, sem núverandi stjórn tók upp í fjármálunum: Að stöðva skuldasöfnunina við útlönd og óhóf í innflutningi og gera jafnframt þær ráðstafanir, sem fært er á hverjum tíma, m. a. með atbeina ríkissjóðs (framlög til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda), til þess að jafna lífskjör íbúanna í landinu.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1936, sem leggja þurfti fram nú í þingbyrjun, var samið í janúarmánuði. Fjármálaútlitið, þar á meðal um utanríkisverzlunina, var þá svipað og þegar fjárlögin fyrir 1935 voru til meðferðar, enda ekki liðnar nema nokkrar vikur. Við þennan undirbúning lá því ekkert nýtt fyrir, og hið nýja fjárlagafrumvarp var að mestu samið á sama grundvelli og hið fyrra, að undanteknum nokkrum leiðréttingum í samræmi við bráðabirgða niðurstöðu fjárhagsársins 1934.

En um það leyti sem þingið kemur saman, syrtir snögglega að í utanríkisverzluninni. — Fregnir höfðu áður borizt um það, að Portúgalsmarkaðurinn fyrir íslenskan saltfisk væri í meiri hættu en áður hafði verið álitid. En höfuðótiðindin eru þó frá Ítalíu. Sú hætta vofir yfir, að innflutningurinn á íslenskum saltfiski til Ítalíu kunní að verða skorinn svo mikið niður, að hann verði ekki nema fjórði eða fimmti hluti af því, sem verið hefir. Og um þetta er allt ennþá í fullri óvissu.

Á meðan allt er enn í óvissu um markaðinn á Ítalíu, er ómögulegt að gera sér grein fyrir því, hver útflutningurinn muni verða á þessu eða næsta ári, og þá heldur ekki hversu mikið hægt er að flytja inn í landið og borga með íslenskri framleiðslu. En eins og áður er bent á, verður afgreiðsla fjárlaganna að miðast við horfurnar um útflutning og innflutning. Þegar svo stendur á, er um tvennt að velja:

1. Að afgreiða fjárlögin nú þegar, ásamt öðrum málum í sambandi við þau, svo sem skattamálum og atvinnumálum, án þess að hafa hugmynd um, hvernig úr kann að rætast um þá viðskintasamninga, sem nú standa fyrir dyrum.
2. Að fresta þinginu og þar með afgreiðslu fjárlaganna og þeirra mála yfirleitt, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, í þeirri von, að við þá samninga, sem nú standa fyrir dyrum, muni — síðara hluta ársins — verða fengin frekari vitneskja en nú um þann grundvöll, sem byggja þarf á alla afgreiðslu þessara mála. En sá grundvöllur er utanríkisverzlunin.

Stjórnin hefir valið síðara kostinn að fresta þinginu, af því að sú leiðin þótti skynsamlegri og gætilegri. Og við nánari athugun ættu líka allir að geta fallizt á það, að afgreiðsla fjárlaga nú í slíkri óvissu, sem um er að ræða — væri algerlega út í bláinn.

Hér má einnig henda á það, að ef illa tekst til um úrslit samninga, og útflutningurinn lækkar stórlega frá því sem áður var, þarf áreiðanlega að gera margháttaðar ráðstafanir innanlands til þess að mæta hinu nýja viðhorfi. Þessar ráðstafanir verður Alþingi að gera. Ef þinginu væri ekki frestað nú, yrði þá í slíku tilfalli að kalla saman sérstakt aukabætur með haustinu. Hefði það þá í för með sér algerðan aukakostnað við sérstakt þinghald, auk þess sem gera mætti ráð fyrir, að meira og minna af ákvörðunum þessa þings yrði þá einskis virði.

Til dæmis má taka, að ef útflutningur hrapaði niður í 40 milljónir, þyrfti innflutningurinn að fara niður í 32 milljónir, svo framarlega, sem þjóðin ætti að geta staðið í skilum með greiðslur sínar út á við. Er það 5,3 milljónum minna en innflutningur hefir lægstur verið um langt árabíl. Enginn vafi er á því, að slíkt ástand myndi krefjast þess, að ýmsar neyðarráðstafanir yrðu gerðar. Í því sambandi má henda á það, hversu stórkostleg breyting þetta væri frá þeim innflutningi, sem var s. l. ár, en hann nam samkvæmt bráðabirgðaskýrslum 48½ millj. kr., og mun sjálfsagt raunverulega hafa verið rúml. 50 milljónir, því að bráðabirgðaskýrslurnar áætla æfinlega of lágt.

Vel getur svo farið, að ástandið í haust geri það óhjákvæmilegt, að færa niður til muna útgjöld ríkissjóðs frá því, sem þau eru ákveðin á fjárlögum nú. Gera þó fjárlög þessa árs, eins og áður er sagt, ekki ráð fyrir nema 14 millj. kr. útgjöldum, í stað þess að útgjöldin 1934 reyndust 17 milljónir. En stjórnin mun ekki færa niður framlög til landbúnaðar og verklegra framkvæmda fyrr en í síðustu lög. Hinsvegar verður í þeim efnum sem öðrum að beygja sig fyrir utanaðkomandi örðugleikum um sölu framleiðslunnar, sem þjóðinni eru óviðráðanlegir. En fari svo, að framkvæma þurfi slíkan neyðarsparnað, sem þar væri um að ræða, verður ekki hjá því komizt að framkvæma meira og minna óvenjulegan niðurskurð á öðrum liðum fjárlaganna.